

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 971 (17.12.2020) - Nýtt hlutverk fyrir Gamla skóla; vinnuhópur og erindisbréf.

Málsnúmer : 202011083
Málsaðili : Dalvíkurbyggð - sveitarstjórn
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 17.12.2020

Inngangur : "Á 330. fundi sveitarstjórnar þann 15. desember 2020 var eftirfarandi bókað:
966. fundi byggðaráðs þann 19. nóvember 2020 var eftirfarandi bókað:
"Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið auglýsti nú í nóvember eftir umsóknum um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, flokkur C.01 í stefnumótandi byggðaaætlun 2018-2024. Stjórn SSNE velur þau verkefni sem sótt er um fyrir Norðurland eystra og á fundi sínum þann 11. nóvember sl. valdi stjórnin verkefni Dalvíkurbyggðar, Friðlandsstofa - Anddyri Friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð, sem eitt af umsóknum frá landshlutanum. Friðlandsstofa er verkefni sem sveitarstjórn hefur unnið að í nokkurn tíma og er sprettið af því að finna nýtt hlutverk fyrir Gamla skóla. Með fundarboði byggðaráðs fylgdu lokagögn sem fylgdu umsókninni til Ráðuneytisins þann 16. nóvember sl. á lokadegi umsóknarfrests.
Lagt fram til kynningar."

Með fundarboði sveitarstjórnar fylgdi afrit af bréfi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til umsækjenda um styrk á grundvelli aðgerðar C.1. í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2020, dagsett þann 9. desember 2020. Fram kemur að verkefnið Friðlandssstofa - anddyri Friðlands Svarfdæla í Dalvíkurbyggð fá alls 35 m. kr. styrk sem skiptist niður á árin 2021-2023.

Til máls tók Katrín Sigurjónsdóttir sem leggur til að stofnaður verði 3ja manna vinnuhópur og að eftirtaldir skipi vinnuhópin. Hlutverk og verkefni vinnuhópsins verði samkvæmt erindisbréfi:
Katrín Sigurjónsdóttir frá B
Rúna Kristín Sigurðardóttir frá D
Kristján E Hjartarson frá J

Ekki komu fram aðrar tillögur og eru því ofangreind réttkjörin í vinnuhópin."

Sveitarstjóri kynnti drög að erindisbréfi fyrir vinnuhópin. Gerðar voru nokkrar breytingar á fundinum á erindisbréfinu.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum fyrirliggjandi erindisbréf með áorðnum breytingum sem gerðar voru á fundinum og vísar því til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar.